

HRAFNIÞUBRÉFIÐ

2. TÖLUBLAÐ, 45. ÁRGANGUR, NÓVEMBER 2018



**HEIMSENDINGAR
UM LAND ALLT**



Lyfjaskömmtun kemur reglu á lyfjatökuna

Lyfjum er pakkað í skammta sem eru í sérmerktum pokum á rúllu. Lyfjarúllurnar eru keyrðar út til viðskiptavina, þær sendar á landsbyggðina eða sóttar í apótekið. Hringdu og fáðu bækling sendan heim.



SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJEVER.IS

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJEVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

PRÓTEINRÍKIR NÆRINGARDRYKKIR

Senior Activ er sérhæfður næringardrykkur fyrir eldra fólk



Fastus býður uppá fjölbreytt úrval af næringarvörum fyrir þá sem þurfa næringarviðbót og fá ekki næringarþarfir sínar uppfylltar úr fæðinu.



HRAFNISTA

Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær

HRAFNISTUBRÉFIÐ

Forsíðan

Forsíðumyndin var tekin á vetrarfagnaði Hrafnistu í Reykjavík sem haldinn var fimmtudagskvöldið 8. nóvember. Í forgrunni er Ragnhildur Árnadóttir. Birt með góðfúslegu leyfi.

Hrafnistubrési kemur út tvisvar á ári. Blaðinu er dreift til íbúa Hrafnistuheimilanna og þjónustuíbúða Naustavara sem staðsett eru við Hrafnistuheimilin. Blaðinu er einnig dreift til annarra öldrunarheimila landsins, heilsugæslustöðva, fjölmargra læknastofa, sveitarstjórnarfólks, alþingismanna, fjölmiðla og fleiri aðila.

Útgefandi: Hrafnistuheimilin

Ábyrgðarmaður: Pétur Magnússon

Umsjón: Bolli Valgarðsson, KOM almannatengsl ehf.

Umbrot og hönnun: J&co. ehf.

Ljósmyndir: Hreinn Magnússon, Bolli Valgarðsson og fleiri.

Auglýsingar: Birna Sigurðardóttir/Markfell, bsig@bsig.is

Forsíðumynd: Eittstopp/Hreinn Magnússon

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Upplag: 2000



REKSTRARLAND BÝÐUR UPP Á HÁGÆÐAVÖRUR VIÐ ÞVAGLEKA

sem samþykktar eru af Sjúkratryggingum Íslands

Þvagleki, þó í litlum mæli sé, skerðir lífsgæði og getur verið íþyngjandi í daglegu lífi. Eftir að læknir eða fagaðili hefur lagt mat á hvert tilvik fyrir sig er margt hægt að gera til að koma í veg fyrir hindranir og skerðingu lífsgæða.

Eitt mesta úrval af hjálparvörum sem í boði er við þvagleka er frá hinum vandaða danska framleiðanda Abena. Vörurnar fást í öllum stærðum og gerðum og búa yfir rakadrægni sem hæfir hverju tilfelli fyrir sig þannig að auðvelt er að finna lausn sem hentar hverjum og einum.

Abena vörurnar eru flestar umhverfisvænar og framleiddar með það að markmiði að auka á þægindi notenda. Þær eru mjúkar viðkomu, þægilegar og umfram allt lítt áberandi.

Í Rekstrarlandi aðstoða sérfræðingar okkar við rétt val á hjálparvörum við þvagleka en ávallt er um einstaklingsbundnar lausnir að ræða.



Skirteinishafar geta nú leitað beint til Rekstrarlands til þess að fá slíkar vörur afgreiddar auk þess sem við sjáum um að koma vörum heim til notenda án aukakostnaðar.

Hrafnistukveðja í gormánuði!

Á þessu ári hefur því verið fagnað um land allt að 100 ár eru liðin frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Við, hér á Hrafnistu, tókum þátt í að minnast þessara merku tímamóta með glæsilegum fullveldishátíðum á öllum Hrafnistuheimilunum í sum- ar þegar boðið var upp á hátíðardagskrá í tali og tónum. Hápunkturinn var þó 19. júlí en þá varð sá sögulegi viðburður í Íslandssögunni að 22 Íslendingar, 100 ára eða eldri, komu saman á Hrafnistu og hefur slíkt aldrei gerst áður í sögunni. Þetta var viðburðurinn „Fullveldis- börnin“ sem við á Hrafnistu stóðum fyrir ásamt Afmælisnefnd aldarafmælis fullveldis Íslands. Viðburðurinn var hluti af fullveldishátíð Hrafn- istu í Reykjavík þar sem íbúum var boðið til há- tíðar. Heiðursgestir voru Íslendingar fæddir árið 1918 eða fyrr, ásamt forsetahjónunum og sáu tutt- ugu og tvö fullveldisbörn af sextíu og fjórum sér fært að koma og njóta hátíðarinnar með okkur. Hefur landsmönnum, 100 ára eða eldri ekki verið boðið saman til veislu áður. Á samkomunni var fullt út úr dyrum, listamenn fluttu dagskrá í tali og tónum í anda fullveldisársins og Land- samband bakarameistara kynnti Fullveldistert- una sem byggði á uppskriftum frá árinu 1918.

Ársins 1918 verður minnst fyrir marga merki- lega hluti, meðal annars fyrir frostaveturinn mikla. Eftir óspennandi veðurlag fyrri hluta sumars ársins í ár, hér sunnanlands, voru gár-

ungarnir farnir að tala um rigningarsumarið mikla árið 2018. Þrátt fyrir frekar óspennandi veðurfar í sumar tókum við hér á Hrafnistu á móti vetrinum með bros á vör. Eins og fram kemur hér í blaðinu hefur margt drifið á daga okkar síðustu mánuðina og aðeins hægt að stikla á því allra helsta. Frekari fréttir af daglegu starfi má meðal annars sjá á heimasíðu Hrafnistu og sam- félagsmiðlum.

Eins og sjá má í blaðinu er Hrafnista sífellt að vaxa og dafna. Hrafnista starfrækir nú sex öldr- unarheimili í fimm sveitarfélögum. Ekki að- eins erum við að bjóða öldruðum upp á þjón- ustu í hjúkrunarrýmum þar sem um 20% til 25% rýma í landinu eru nú á vegum Hrafnistu, heldur er Hrafnista einnig stærsti rekstraraðili dagdvalar fyrir aldraða hér á landi.

Dagdvalir eru stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima og mikilvægur valkostur í þjónustu við aldraða. Dagdvalir eru ætlað- ar einstaklingum 67 ára og eldri en einnig í sértækum tilvikum yngri einstaklingum eða ákveðnum hópum. Þjónustuþegar koma að morgni og fara heim aftur síðdegis og sækja þjónustuna ýmist daglega eða tiltekna daga í viku. Í dagdvöl er lögð áhersla á að efla lík- amlega og andlega færni ásamt því að rjúfa fé- lagslega einangrun sem margir upplifa á efri árum. Einnig eru til endurhæfingardagdvalir



VANTAR ÞIG GLERAUGU ?



Alltaf betri þjónusta
Allir hjartanlega velkomnir.

*Við sérhæfum okkur í
persónulegri þjónustu og
frábærum verðum.*

*Göngugleraugu, margskipt
glar, lesgleraugu, sólgleraugu
fyrir viðkvæm augu og margt,
margt fleira.*

*Sjón gleraugnaverslun býður eldri borgurum upp á
35% afslátt af heildarverði.*

Laugavegur

Laugavegur 62

Simi: 511 6699

Glæsibæ

Álfheimar 74

Simi: 511 6698

þar sem fram fer markviss endurhæfing eftir veikindi eða slys.

Aukið framboð og notkun dagdvalarrýma, sem í boði eru í flestum sveitarfélögum landsins og aðallega rekin af sveitarfélögunum sjálfum en einnig hjúkrunarheimilum eða félagasamtökum, geta bætt lífsgæði verulega og í mörgum tilvikum dregið úr tíðni innlagna á sjúkrahús. Má því segja að þjónusta dagdvalarrýma feli í sér mikilvæga forvörn sem viðhaldi heilsu, bæti lífsgæði og geri öldruðum kleift að búa lengur á eigin heimili.

Í dag bíða vel á annað hundrað aldraðir með gilt færni- og heilsufarsmat fyrir hjúkrunarrými eftir plássi. Því miður er stór hluti þeirra fastur í legurými á Landspítalanum vegna þess að

heppileg úrræði vantar. Þessir einstaklingar eru of veikir til að geta búið einir heima og komast heldur ekki á hjúkrunarheimili vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Við sem störfum í velferðarþjónustu við aldraða höfum miklar áhyggjur af stöðu mála. Á meðan þjónustuþegum öldrunarþjónustunnar fjölgar um 2% á hverju einasta ári fjölgar ekki viðeigandi úrræðum. Of fá hjúkrunarrými eru byggð og öðrum úrræðum fjölgar lítið. Á meðan vex vandinn með hverju árinu sem líður með miklum óþægindum fyrir aldraða, veika og aðstandendur þeirra, en einnig óþarfa tilkostnaði fyrir ríkissjóð. Dagdvalir eru hlutfallslega ódýrt úrræði sem gera öldruðum kleift að búa lengur á eigin heimili.

Í dagdvölumerveittmargvíslegeinstaklingshæfð



Fagleg og persónuleg þjónusta

Við leiðbeinum skjólstæðingum Sí, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitum ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.

	0-0.5 dl < 50 ml	0.5-1 dl 50-100 ml	1-1.5 dl 100-150 ml	1.5-2 dl 150-200 ml	2-4 dl 200-400 ml	4-8 dl 400-800 ml	8-11 dl 800-1100 ml	11-14 dl 1100-1400 ml
TENA Men			TENA Men MINI 2	TENA Men MINI 3	TENA Men MINI 4	TENA Men MINI 5		
TENA Lady	TENA Lady ULTRA MINI ULTRA MINI PLUS	TENA Lady MINI MINI PLUS	TENA Lady NORMAL	TENA Lady EXTRA	TENA Lady EXTRA PLUS SUPER	TENA Lady MAXI NIGHT	TENA Lady Discreet Plus	
TENA Pants					TENA Pants DISCREET MINI, LI	TENA Pants PLUS XS, S, M, L, XL	TENA Pants SUPER XS, M, L, XL	TENA Pants MAXI M, L
TENA Flex						TENA Flex PLUS XS, M, L, XL	TENA Flex SUPER XS, M, L, XL	TENA Flex MAXI XS, M, L, XL
TENA Care					TENA Care MINI SUPER NORMAL	TENA Care PLUS EXTRA	TENA Care SUPER	TENA Care MAXI ULTIMA
TENA Slip						TENA Slip PLUS XS, M, L, XL	TENA Slip SUPER XS, M, L, XL	TENA Slip MAXI XS, M, L, XL



Hafðu samband og við sendum þér TENA bæklinginn.

Ráðgjöf og úrræði vegna þvagleka

Rekstrarvörur
- fyrir þig og þinn vinnustað
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is





Hér er Laddi, í gervi hins þjóðþekhta Eiríks Fjalars, búinn að taka þá Pétur Magnússon, forstjóra Hrafnistuheimilanna, og Gunnar Einarsson, bæjarstjóra Garðabæjar, traustataki á haustskemmtun íbúa á Hrafnistu í Garðabæ, Ísafold, sem fram fór nýlega.

þjónusta og þar fer einnig fram þjálfun og endurhæfing. Saman geta þessir þættir seinkað þörf fyrir hjúkrunarrými en einnig flýtt fyrir útskrift af sjúkrahúsi og dregið úr tíðni sjúkrahúsinnlagna. Þeim sem þurfa á þjónustu dagdvalar að halda mun halda áfram að fjölga. Starfsemi dagdvalar hefur því í för með sér þjóðhagslegan ávinning og ekki síður aukin lífsgæði fyrir þá

sem njóta þjónustunnar sem er jú mikilvægasta atriðið.

Að lokum vil ég þakka öllu heimilisfólki, starfsfólki og velunnurum Hrafnistu fyrir ánægjulegt sumar. Ég hlakka til að takasta á við ný ævintýri með ykkur öllum í vetur.

Pétur Magnússon,
forstjóri Hrafnistuheimilanna



*-þegar þið
bregðið á leik*

*Bíll fyrir ykkur
-hvar sem er
-hvenær sem er*

TAXI
HREYFILL
5 88 55 22
... til taks allan sólarhringinn



KRISTJÁN OG

GEIR ENGUM LÍKIR

Stórsöngvararnir Kristján Jóhannsson og Geir Ólafsson heimsóttu Hrafnistu í Reykjavík í mars ásamt undirleikara sínum, Þóri Baldurssyni til að skemmta íbúum með fjörugri dagskrá í aðalsal heimilisins, Skálafelli. Fullt var út úr

dyrum enda vildu sem fæstir láta sig vanta á tónleikana sem stóðu yfir í klukkustund. Liðlega tvö hundruð manns, íbúar, aðstandendur, gestir og starfsfólk hlýddu á þá félagasem gáfu vinnu sína í þágu íbúa Hrafnistu. Er þeim þakkað innilega fyrir innlitið. ■





**Mikið til
af spari-
fatnaði,
buxum og
blússum**

*Velkomin til
okkar í búðina,
við tökum vel
á móti ykkur*

**Fallegu
velúrgallarnir eru
nú til í rústrauðu,
dökk bláu og
fjólubláu**

verðlistinn

OPIÐ MÁN.-FÖST. 10-18 OG LAUGARD. 10-14 | SÍMI: 5533755



HEILBRIGÐISRÁÐHERRA KYNNTI

SÉR STARFSEMI HRAFNISTU

Samkvæmt langri hefð, er nýr heilbrigðisráðherra hefur tekið við embætti, kemur ráðherrann í heimsókn á Hrafnistu og snæðir þar kótilettur í raspi með grænum baunum og „alles“. Það gerði Svandís Svavarsdóttir í vor er hún kynnti sér starfsemina og ræddi við heimilisfólk og stjórnendur. Heimsóknin hófst með fundi og

hádegisverði með framkvæmdaráði Hrafnistuheimilanna þar sem skipulag og starfsemi heimilanna var kynnt og farið yfir brýn málefni hjúkrunarheimila og öldrunarþjónustu almennt hér á landi. Að fundi loknum gaf ráðherrann sér góðan tíma til að skoða heimilið í Laugarásnum og heilsa upp á íbúa og starfsfólk. ■





Fjölskyldufyrirtæki
— Síðan 1985 —



kom | ráðgjöf
stofnað 1986



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ



Eggjabúið og
kjúklíngabúið
Hvammur ehf.

ÞORBJÖRN
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík

Hilmar Kristinn Adolfsson

„Ég veit ekki hvað börnin myndu segja ef ég héldi ekki með HK“

- segir bifreiðasmiðurinn að vestan

Hilmar Kristinn Adolfsson er bifreiðasmiður að mennt, fæddist 10. mars 1935 á Hóli, í tvílyftu og veglegu húsi foreldra sinna við Urðargötu 7 á Patreksfirði. Faðir hans, Adolf Hallgrímsson loftskemtamaður frá Vatneyri á Patreksfirði, byggði húsið en Adolf starfaði á þremur togurum Ó. Johannesson á Patreksfirði sem allir hétu Gylfi. Móðir Hilmars var Helga Guðmundsdóttir, einnig frá Vatneyri. Hilmar var elstur fimm syskina. Næst elstur er Hall-

dór, f. 1937, þá Gylfi, f. 1940, Hildigunnur, f. 1945, d. 2006, og yngst var Anna Halldóra, fædd 1937 en dó aðeins sólarhring síðar.

Valdi bifreiðasmíði

„Ég fór hefðbundna skólagöngu eins hún var í þá daga. Var í barna- og unglingaskóla Patreksfjarðar og tók gagnfræðapróf frá Héraðsskólanum að Núpi. Að því loknu dreif ég mig suður til Reykjavíkur vorið 1951 til að fara í Iðnskólann. Ég fékk til að byrja með her-



Hilmar Kristinn Adolfsson með barnabarni.

bergi hjá föðurafa mínum, Hallgrími Guðmundssyni, járnsmiði og hans fjölskyldu við Skólavörðustíg 36. Síðan tók ég á leigu herbergi hjá Brynjúlfi Björnssyni tannlækni við Hverfisgötu 14,“ segir Hilmar sem hóf í kjölfarið nám í bifreiðasmíði og líkaði vel.

Aldrei átt japanskan bíl

„Já, það lá vel við mér enda hafði ég áhuga á bílum og hef haft alla tíð. Ég gæti trúað að ég hafi átt milli 30 og 40 bíla um ævina, en aldrei japanskan. Þetta voru Blazer, Bronco, Aspen, Volvo og allt mögulegt. Síðan var það að á öðru ári í náminu var ég farinn að draga mig saman með ungri stúlku og stofna heimili, þannig að það varð úr að ég tók það ár utanskóla og föðurbróðir minn, Helgi Hallgrímsson húsgagnaarkitekt og kennari, tók

að sér að kenna mér heima hjá sér og undirbúa mig fyrir prófin.“

Langaði aftur heim

Unga stúlkan sem Hilmar hafði nýlega kynnst var Reykjavíkurmærin Svava Hauksdóttir, sem fædd var um sumarið 1937 og alla tíð annáluð fyrir sitt glaðværa skap og bjartsýni. „Við kynntumst 1955, byrjuðum okkar búskap hjá foreldrum Svövu við Njálsgötu 10 og giftum okkur í febrúar 1957. Mánuði síðar leit fyrsta barnið okkar heiminn, Anna Björg sem fæddist í mars. Síðan kom Berglind Hulda í október 1959,“ segir Hilmar sem getur þess að þau Svava hafi ekki dvalið lengi í höfuðborginni fyrstu árin því 1960 tóku þau sig upp og fluttu með dæturnar til Patreksfjarðar. „Ástæðan var nú eiginlega



„Það kom þannig til að í kringum 1980 ákváðum við, ég og tveir félagar mínir að leigja rúmgóða aðstöðu í atvinnuhúsnæði við Vesturvör í Kópavogi þar sem við gátum gert við bílana okkar, þvegið og bónað. Nokkrum árum síðar fóru þeir úr húsnæðinu þannig að ég tók alfarið við því og opnaði 1984 mitt eigið verkstæði sem tók að sér bílaréttingu og málun.“

bara sú að mig langaði aftur heim. Ég opnaði verkstæði í þorpinu þar sem ég tók að mér allar almennar boddýviðgerðir og réttingu. Þarna vorum við til 1963. Þá ákváðum við að flytja aftur suður enda orðið fremur dauft yfir staðnum og foreldrar mínir og systkini flutt suður árinu áður. Ég gekk líka að vísu starfi hjá Bílasmiðjunni, gamalgrónu fyrirtæki sem upphaflega var stofnað 1942 en heitir í dag Nýja bílasmiðjan og smíðar aðallega yfir hópferðabíla.“

Venti kvæði í kross

Hilmar var þó ekki lengi hjá Bílasmiðjunni því ári síðar fékk hann símtal frá einum besta vini sínum, Jóni Baldurssyni, sem starfaði sem sölumaður hjá innflutningsversluninni Kristjáni Gíslasyni hf. Hann vildi endilega



Æskuheimilið við Urðargötu 7 á Patreksfirði.

að Hilmar kæmi þangað til starfa enda meira en nóg að gera og launin hærri. Hilmar sló til og byrjaði á algerlega nýjum og framandi vettvangi sem varð hans aðalstarf í yfir tuttugu ár. „Kristján Gíslason hf. var aðallega í

fatnaði. Þarna var ég sölumaður í um tvö ár, fór þá til raftækjaverslunarinnar J. P. Guðjónssonar hf. við Skúlagötu, sem var meðal annars með umboð fyrir Sony. Ég var þar í um það bil fimm ár og fór þá til Gísla Jónssonar hf. sem var með snjósleða, hjólhýsi og fleira. Ég var hjá ýmsum heildverslunum á löngu árabili, Rolf Johansen og fleirum enda nóg að gera og endalaus vinna fyrir góða sölumenn,“ segir Hilmar sem á tímabilinu eignaðist sitt þriðja barn með eiginkonunni, piltinn Hauk sem fæddur er í apríl 1970. Einn stór þáttur í starfi sölumannanna var að aka tvisvar á ári hringinn í kringum landið með söluvarning. „Þá var komið við á öllum helstu stöðunum hringinn í kringum landið. Við vorum meðal annars á ferðinni á þeim árum áður en Skeiðarárbrúin og brúin yfir Núpsvötn komu til sögunnar. Þá var ekið yfir árnar í fylgd með staðkunnugum sem þekktu vötnin manna best. Ég man að Núpsvötnin gátu verið tvísýn yfirferðar og ekkert vit að fara nema í fylgd, enda jökuláin Súla oft varasöm yfirferðar og dauðaslys hlotist af,“ segir Hilmar sem hætti í sölu-mennskunni upp úr 1980 og snéri sér að nýju að bifreiðasmíðinni.

Fór á ný í réttunguna

„Það kom þannig til að í kringum 1980 ákváðum við, ég og tveir félagar mínir að leigja rúmgóða aðstöðu í atvinnuhúsnæði við Vesturvör í Kópavogi þar sem við gátum gert við bílana okkar, þvegið og bónað. Nokkrum árum síðar fóru þeir úr húsnæðinu þannig að ég tók alfarið við því og opnaði 1984 mitt eigið verkstæði sem tók að sér bíla-



„Við kynntumst 1955, byrjuðum okkar búskap hjá foreldrum Svövu við Njálsgötu 10 og giftum okkur í febrúar 1957.“

réttingu og málun. Ég var sjálfur í réttungum og við hliðina var verkstæði sem tók að sér málningarvinnuna. Við þetta starfaði ég í tuttugu ár eða fram til ársins 2004 þegar fætturnir voru byrjaðir að gefa sig. Sama ár lést Svava sem starfaði lengi á leikskólanum Grænatúni í Kópavogi,“ segir Hilmar, en þau hjónin bjuggu nær öll sín búskaparár í Kópavogi utan áranna á Patreksfirði.

Harðir HK-ingar

„Já já, erum öll gallharðir HK-ingar. Ég veit ekki hvað börnin myndu segja ef ég héldi ekki með HK! Við viljum helst hvernig annars staðar vera enda er ég ánægður með að hafa fengið inni hér hjá Hrafnistu í Boðarþingi. Ég er þá áfram í Kópavogi,“ segir Hilmar

og brosir. „Anna Björg, dóttir okkar, býr að vísu í Hafnarfirði en starfar samt í Kópavogi. Hún er leikskólakennari að mennt og er aðstoðarskólastjóri leikskólans í Furu-grund, þar sem Berglind Hulda systir hennar starfar líka. Þetta er eitthvað í genunum því Svava heitin starfaði lengi á leikskóla og var það til dauðadags. Haukur sonur okkar er svo umsjónarmaður sundlauga Kópavogs.“

Alltaf í útilegum

Hilmar og Svava áttu það sameiginlega áhugamál að ferðast um landið ásamt börnum sínum á meðan þau voru enn ung. Tjölduðu nánast um hverja helgi og ekki var óalgengt að sumarvertíðin hæfist um hvítasunnuna í Húsafelli. „Ég man til dæmis vel eftir því þegar það frysti duglega um nætur um hvítasunnuna í Húsafelli þannig að sundföt krakkana sem voru á þerrisnúru við tjaldið voru eins og járnplötur á morgnana. Eftir að þau uxu úr grasi og hættu að koma með okkur fórum við bara tvö ein um landið. En svo byrjuðu þau að koma með okkur aftur og þá með barnabörnin líka. Við Svava fórum t.d. á hverju einasta ári vestur á Patreksfjörð og mjög gjarnan áfram til Hvallátra þar sem ég var ein sex sumur í sveit sem krakki. Það er gríðarlega fallegt í Hvallátrum og alltaf gaman að koma þangað. En við ferðumst líka til annarra landsfjórðunga, eiginlega um allt land og barnabörnin voru oft með í för, enda gaman að vera með ömmu og afa í tjaldi í Húsafelli sem við héldum mikilli tryggð við,“ segir Hilmar sem á nú ellefu barnabörn og barnabörn.



Sumarferðalag fjölskunnar fyrir vestan.

„Við fórum líka oftast en einu sinni til Burlington í Norður-Karolínu í Bandaríkjunum þar sem Hildigunnur systir bjó ásamt manni sínum, Louis Thomas Dixon. Hildigunnur lést árið 2006, en við Louis tölum vikulega saman í síma. Hann hringir í mig um núleystið á hverju föstudagskvöldi til að spjalla. Hann er mikill aðdáandi Íslands. Hann var á sínum tíma í sjóher Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli og ferðaðist þá talsvert um landið.

Sítur ekki auðum höndum

Hilmar flutti til Hrafnistu í Kópavogi síðla nýliðins sumars og hefur þegar komið sér vel fyrir í rúmgóðu herbergi sínu á annarri hæð. Hann stundar boccia með öðrum íbúum og slæst í hópinn þegar tón-



Hilmar lagar Benzann undir Núpshlíð.

listarfólkið kemur til að spila og syngja með íbúum heimilisins, leigjendum öryggis- og þjónustuíbúðanna handan götunnar og dagdvalargestum sem koma víða að úr Kópavogi til að njóta félagsskapar og afþreyingar í Boðabíngi. Þá ómar fjölda-söngurinn hátt og snjallt um ganga heimilisins. Hilmar segir börnin dugleg að líta við hjá sér auk þess sem hann geti farið allra

sinna ferða á eigin bíl sem er með lyftu sem hann þurfi á að halda þar sem fótleggirnir séu ekki lengur upp á það besta. „Þannig að ég fer líka í heimsóknir til barnanna og hitti þá barnabörnin líka. Svo er verið að skipuleggja ættarmót sem haldið verður núna um helgina þannig að það verður gaman að hitta ættingjana,“ segir Hilmar að lokum. ■





FULLVELDISBÖRNIN KOMU SAMAN Á HRAFNISTU

Ísland varð frjálst og fullvalda ríki með gildistöku sambandslaganna 1. desember 1918 og var það einn merkasti áfanginn í sjálfstæðisbaráttu landsmanna sem stóð í nær heila öld. Það var því mikið um dýrðir á Hrafnistu einn góðviðrisdaginn í sumar þegar allir Íslendingar, fæddir árið 1918 eða fyrr, fengu boðskort í veislu frá Hrafnistu og afmælisnefnd aldarafmælis fullveldis Íslands. Tilefnið var að fagna þessum stóráfanga í sögu þjóðarinnar með þeim landsmönnum sem jafn gamlir eru fullveldisafmælinu.

Margir elstu Íslendinga svöruðu kallinu og mættu til veislunnar ásamt aðstandendum sínum, enda var þetta í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar, ef ekki heiminum, sem öll-





Fullveldisbörnin ásamt forsetahjónunum og fulltrúum Hrafnistu, Sjómannaðagsráðs og fleirum.



um ríkisborgurum lands, aldar gamlir eða meira, var boðið saman til veislu. Um þessar mundir hafa rúmlega sextíu manns náð þessum merka áfanga. Þeirra á meðal er elsti núlifandi Íslendingurinn, Jensína Andrés-

dóttir, sem varð 109 ára þann 10. nóvember. Jensína býr á Hrafnistu í Reykjavík, en alls búa sjö manns á einhverju Hrafnistuheimilanna sex sem náð hafa hundrað ára aldri eða hærri.

Kjarnavörur hf

SVANSPRENT

LYFJA
- LÍFÁ heil

M
MANNVERK



Fullveldiskakan smakkaðist vel

Meðal þeirra sem fluttu ávarp í veislunni í sumar voru forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sem heiðraði samkomuna ásamt eiginkonu sinni, Elizu Jean Reid, og Einar K. Guðfinnsson, formaður fullveldisnefndarinnar. Listamenn komu fram og boðið var

upp á sérstaka fullveldisköku sem Landssamband bakameistara setti saman og byggði á vinsælum uppskriftum frá 1918 sem færðir voru til nútímabúnings. Fullveldiskakan var í boði á öllum Hrafnistuheimilunum þar sem um 1500 manns, íbúar og starfsfólk, fengu sér væna sneið að smakka. ■



Alþýðusamband Íslands



HAFNARFJÖRDUR

RAFHÖLT





NESVELLIR

SUMARGRILL

Grillað í misjöfnu sumarveðri á suðvesturhorninu

Sumargrill Hrafnistuheimilanna fóru að venju fram í sumar - undir misjöfnum himni þó - því ýmist var Kári veðurguð í sínu besta skapi eða bara alls ekki. En íbúar, aðstandendur og starfsfólk Hrafnistuheimilanna létu það ekki á sig fá, hvað þá kokkarnir. Allir héldu hýrri brá í mannfagnaði þar sem borinn var fram góður matur, meðlæti og eftirrættur auk þess sem sungið var og spilað og jafnvel stigin nokkur lauflétt dansspor með. Þar að auki sá heimsmeistara-

keppnin í fótbolta um að halda gleði og spennu við skjáinn í sumar.

Hrafnistuheimilin í Reykjanesbæ riðu á vaðið 26. og 28. júní með Nesvelli í broddi fylkingar að þessu sinni. Gítarleikarinn og trúbadorinn í bandinu Heiður kom á sumarahátíðir heimilanna og spilaði nokkur vel valin lög undir borðhaldi sem fram fór innandyra í ár. Í Hafnarfirði fór sumarahátíðin fram 5. júlí. Þangað kom trúbadorinn Hlynur Ben með gítarinn og hélt hann svo sannarlega uppi stemmingunni á staðn-




um. Þrátt fyrir svalt en fremur gott veður nutu hátt í 400 manns veislunnar á meðan matreiðslufólk Grillmeistarans töfraði fram góðar veitingar. Í Boðarþingi í Kópavogi var grillað 11. júlí í fremur þungbúnu og svölu veðri. Að loknu borðhaldi var sungið af fullum krafti undir harmonikkuleik, dansi og söng þar sem vel á annað hundrað gesta tók þátt. Íbúar, aðstandendur og starfsmenn Hrafnistu í Reykjavík

höfðu þó heldur betur heppnina með sér í ár því 1. ágúst bar upp á einn sólríkasta dags sumarsins á suðvesturhorninu. Rúmlega 300 manns mættu til veislunnar sem tókst ákaflega vel í alla staði. Smiðshöggvið á sumarhátíðir Hrafnistuheimilanna í ár sló Ísafold í Garðabæ þann 16. ágúst. Veðrið lék við hvern sinn fingur í veislu sem haldin var í samstarfi við dagdvöl Garðabæjar. ■



HAFNARFJÖRÐUR





NORÐLENSKA

- VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU







SUMARGRILL



GARÐABÆR





KÓPAVOGUR



Happdrætti DAS hefur lyft grettistaki í þágu áhyggjulauss ævikvölds aldraðra á Hrafnistu

Happdrætti DAS, sem stofnað var á sjómanna-daginn 1954, hefur frá upphafi verið helsti bakhjarl uppbyggingar á Hrafnistuheimilunum. Happdrættið var stofnað á tímum viðskiptahafta og gjald-eyrisskorts og því var í upphafi gert ráð fyrir að happdrættið yrði vöruhappdrætti með allt á milli himins og jarðar í vinning. Og það má með sanni segja að ímyndunar-aflið hafi ekki skort á þeim bænum þegar kom að vali á vinningum því dráttarvél- ar, hestar, bílar og bátar auk húsbúnaðar komu mjög við sögu fyrstu árin og spennan mikil meðal landsmanna að taka þátt. Fólk lét ekki hellirigningu aftra sér í bið- röðinni við litla útsölustað DAS á Hótel Íslandsplaninu (nú Ingólfstorg) þar sem fólk beið eftir að geta keypt miða. Seinna




**Sigurður Ágúst
Sigurðsson**

bættust glæsilegar blokkaríbúðir, raðhús og einbýlishús við á vinn- ingaskránni sem voru fullbúin nýjustu húsgögnum í samræmi við ríkjandi tísku.

Sem dæmi um mikilvægi DAS sem bakhjarls í uppbyggingu Hrafnistu fyrir tilstuðlan áhuga landsmanna á miðakaupum má nefna að hagnaður annars rekstr- arárs happdrættisins var nánast á

pari við framkvæmdakostnað við byggingu fyrsta áfanga Hrafnistu við Laugarás. En DAS var ekki eitt á markaðnum. Fyrir var Happdrætti Háskólans og síðar, þegar lottóleikir komu til sögunnar, svo sem Lottó, Víkingalottó og Jóker auk spilakassa og ýmissa annarra kosta fyrir landsmenn til að freista gæfunnar við, var ákveðið árið 1995 að hefja sölu á svokölluðum tvö- földum miða, þar sem tilgreindur aðal-



Aðalvinningur DAS í 3. flokki 1957 var þessi fallegi hestur ásamt hnakki og beisli.

vinningur tvöfaldaðist að verðmæti þegar vinningurinn kom á númer miðans. Fjórum árum síðar var svo ákveðið að fjölga árlegum útdráttum í 48 og svo í 52 ári síðar. Hvort tveggja féll í góðan jarðveg meðal landsmanna.

Bílar með fullt skottið af peningum

Sigurður Ágúst Sigurðsson, sem stýrt hefur Happdrætti DAS í bráðum þrjá áratugi, eða frá árinu 1990, segir mikla samkeppni vera á happdrættismarkaðnum og því þurfi menn alltaf að vera á tánum og hugsa fyrir nýjungum. „Þess vegna létum við ekki staðar numið við fjölgun útdráttanna heldur innleiddum enn eina nýjungina árið 2004 í tilefni 50 ára afmælis happdrættisins. Þá

fluttum við til landsins glæsilegan Chevrolet Bel Air árgerð 1954 sem var í aðalvinning það ár. Síðan bættum við um betur ári síðar þegar við ákváðum að bjóða bíla á ný í vinning – og ekki bara það heldur bíla með fullu skotti af peningaseðlum á tvöfaldan miða. Upphæðin í skottinu var hvorki meira né minna en sama virði bílsins. Þetta sló algerlega í gegn og salan jókst verulega næstu árin,“ segir Sigurður.

Rúmur milljarður króna í vinninga

Á yfirstandandi happdrættisári DAS, sem hófst þann 1. maí, er heildarfjárhæð vinningsa rúmur einn milljarður króna fyrir heppna vinningshafa. Hjá DAS eru vinningslíkurnar mestar enda dregið í hverri



Framkvæmdir við byggingu nýs hjúkrunarheimilis Hrafnistu við Sléttuveg njóta m.a. stuðnings frá DAS.

einustu viku árið um kring og kostar hver dráttur aðeins 375 krónur eða 1500 krónur á mánuði fyrir einfaldan miða og þrjú þúsund krónur fyrir tvöfaldan miða.

Sex milljarðar til uppbyggingar á hjúkrunarheimilum

Happdrætti DAS hefur á umliðnum áratugum greitt landsmönnum hér og í Færeyjum (frá árinu 1994) yfir tuttugu milljarða króna í vinninga. Í sextíu og fjögurra ára sögu happdrættisins hefur það lagt hjúkrunarheimilum landsins til um sex milljarða króna til viðhalds og uppbyggingar og með því lagt sitt að mörkum til að aldradír fái notið áhyggjulauss ævkvölds. „Og sem dæmi af heppnum vinningshafa get ég nefnt að núna í sumar vann eldri kona 30 milljónir króna á miðann sinn sem er ígildi 56 milljóna vegna skattleysis happdrættisvinnings,“ segir Sigurður.

Mikilvægur stuðningur frá DAS

Um þessar mundir er verið að byggja nýtt hjúkrunarheimili við Sléttuveg sem rekið verður af Hrafnistu og njóta framkvæmdirnar meðal annars stuðnings frá Happdrætti DAS. „Í hverri einustu viku erum við að draga um glæsilega vinninga og það eru margir framundan áður en happdrættisárinu lýkur 30. apríl,“ segir Sigurður Ágúst sem er afar stoltur af starfsemi DAS – enda kjörorð þess göfugt. „Það eru kjörorð okkar að búa öldruðum áhyggjulaust ævkvöld. Þar hafa landsmenn lagt mikið að mörkum með kaupum á miðum í Happdrætti DAS og það er í raun stærsti vinningurinn að sjá hveru miklu grettistaki DAS getur lyft í þágu aldraðra með dyggum stuðningi þátttakenda,“ segir Sigurður Ágúst að lokum, en þess má geta að hægt er að kaupa miða á vefslóðinni das.is eða með því að hringja í síma 561 77 57. ■

LANDLÆKNIR Í HEIMSÓKN

Alma D. Möller landlæknir heim-
sótti Hrafnistu í september ásamt
Hrefnu Þengilsdóttur sviðsstjóra
eftirlits og gæða hjá embættinu og verk-
efnastjórunum Salbjörgu Bjarnadóttur og
Sigríði Egilsdóttur. Tilgangur heimsóknar-
innar var að kynna landlækni starfsemi
Hrafnistu á fundi með framkvæmdaráði,
stjórn heilbrigðissviðs og öðrum stjórnend-
um Hrafnistuheimilanna. Auk þess sem
gerð var grein fyrir skipulagi starfsem-
innar voru góðar samræður um gæðamál
og verkferla og ekki hvað síst ýmsa mála-
flokka sem snerta öldrunarmálin almennt í
landinu. ■





VIÐTAL

Unnur Ólafsdóttir

Í verzlunar- rekstri í áratugi

Unnur Ólafsdóttir er Reykvíkingur, fædd um sumarsólstöður, þann 21. júní 1936 í litlu bakhúsi við Grettisgötu. Foreldrar hennar voru Ólafur Sigurjón Dagfinnsson, fæddur aldamótaárið 1900 í Reykjavík þann 21. september, d. 24. febrúar 1975, og Þórlaug Valdimarsdóttir, fædd í Hrunamannahreppi 24. júní 1903, d. 9. mars 1972.

„Pabbi vann allan sinn starfsaldur í Kassagerðinni og eldri systkini mín unnu þar um tíma þegar þau fengu aldur til, enda má segja að við tengdumst fyrirtækinu því að Sesselja, föðursystir mín, var gift Kristjáni Jóhanni Kristjánssyni, sem var annar af stofnendum og eigendum Kassagerðarinnar ásamt Vilhjálmi Bjarnasyni. Kassagerðin hóf starfsemi 1932 og ég kom þangað oft sjálf sem krakki til að heilsa upp á pabba og krakkana,“ segir Unnur, sem hefur undanfarið þrjú og hálf ár verið búsett á Hrafnistu í Reykjavík.

Í Laugarnesi

„Ég man eftir því að Bretarnir voru hér afar áberandi í bænum þegar ég var barn og þeim fylgdi mikill uppgangur við ýmsar framkvæmdir. Það voru uppgrip og pabbi var að velta fyrir sér að fara í vinnu hjá Bretunum til að afla heimilinu meiri tekna. Þá sagði Kristján að það gæti hann ekki gert þeim því



Þórlaug, Unnur og Kristín.



Unnur á fyrsta ári.

þá færi Kassagerðin á hausinn. Þannig að pabbi fór aldrei neitt og vann alla tíð á sama stað. Það hefur sjálfsagt ekki heldur hjálpað að mamma var mótfallin hersetunni. Þegar ég byrjaði í skóla stóð til að ég myndi sækja námið í litlu húsi á Laugarnesinu sem Laugarnesskóli við Kirkju-teig hafði til umráða undir kennslu fyrstu starfsárin, en skólinn tók til starfa haustið

1935. Mamma tók ekki í mál að ég sækti námið þarna úti á Laugarnesi því hún vildi ekki að ég færi um Laugarneskamp þar sem breska setuliðið hafði aðstöðu á stríðsárunum,“ segir Unnur sem orðin var bæði læs og skrifandi fyrir sjö ára aldur. „Þannig að ég fór í bekk í aðalskólabyggingunni nýju með börnum sem ekki voru búin að læra að lesa og skrifa. Mér leiddist því framan af.“ Að loknum barnaskóla fór Unnur í Gagnfræða-



Pórlaug, Þorvarður og synir.

skóla Austurbæjar og að því námi loknu að vinna.

Mjólkin jók umsvifin

„Ég byrjaði á skrifstofunni hjá Vinnufatagerð Íslands við Vesturgötu 17. Síðan fór ég að reka nýlenduvörverslun ásamt þáverandi eiginmanni, Ragnari Aðalsteinssyni. Til að byrja með við mjög fábreyttar aðstæður í litlum kofa rétt við Íshúsið og Afurðastöðina á Laugarnesi. Þar stóð ég ein við afgreiðsluborðið, en Ragnar vann á Sendibílastöðinni til að styðja við reksturinn. Síðan fluttum við verslunina í bílskúr sem við tókum á leigu í Njörvasundi og þá gátum við aukið vöruúrvalið. Mér er t.d. minnisstætt þegar almennir verslunareigendur máttu loksins selja mjólk sem fram að því hafði eingöngu verið seld í mjólkurbúðun-



Laugarneskjör.

um. Við vorum með opið alla daga nema laugardaga. Á sunnudögum var opið fyrir hádegi þannig að þetta var mjög mikil vinna og ströng viðvera,“ segir Unnur.

Með heimsendingu

„Við vorum í Njörvasundinu í nokkur ár eða þar til við fluttum verslunina um 1959 í

húsnæði við Efstasund 99 og nefndum hana Matvælabúðina. Húsið stendur enn og er nú friðað. Það má segja að við höfum verið að þjónusta íbúa nágrennisins sem fengu vörurnar gjarnan sendar heim. Það tíðkaðist mjög í þá daga að senda viðskiptavinum vörur heim að dyrum og það gat verið púl þegar pantað var mikið en við vorum með mjög duglegan strák sem sendist með vörurnar og vigtaði þurrvöru uppúr stórum sekkjum í minni einingar. Hann fór með vörurnar m.a. í Sólheimablokkirnar og þurfti að ganga upp stigann því lyfturnar voru ekki teknar í gagnið fyrst um sinn. Stundum var bara hringt og beðið um eina mjólk eða einn kartöflupoka og þá sendum við það af stað. Hugsaðu þér hversu breytt þetta er allt orðið. Nú sækir fólk vörurn-



Réttarholtsvegur 1.

ar að sjálfsögðu sjálft þótt eitthvað sé nú um að boðið sé upp á heimsendingu gegn greiðslu. Hjá okkur var heimsendingin innifalin,“ segir Unnur sem síðar rak einnig verslanirnar Laugarneskjör við Laugarnesveg 116 og Réttarholt við Réttarholtsveg 1 áður en hún hætti verslunarrekstri eftir mörg ár við búðarborðið að Réttarholtsvegi enda heilsunni þá farið að hraka. „Þetta



Kristín, Lárus og börn.



„Ég kynntist honum Jóa mínum á Kanarí. Hann var sem drengur í sveit hjá Tryggva Jóhannessyni á Fremri Fitjum í Fitjárdal og vildi helst ekki vera neins staðar annars staðar þótt foreldrar hans væru hér í Reykjavík.“

var mikið púl og löng viðvera og ég varð hálf heilsulaus á þessu öllu saman. Ég var heima við um tíma en fór svo að vinna hjá Tryggingamiðstöðinni þar sem ég var í nokkur ár. Þaðan fór ég í hlutastarf hjá Líftryggingamiðstöðinni þar sem ég starfaði uns ég hætti alveg á vinnumarkaði.“ Unnur á þrjár dætur með fyrri eiginmanni sínum, Þórlaugu, f. 1953, Gyðu, f. 1958 og Kristínu, f. 1964.

Rúbínbrúðkaup framundan

Á sjöunda áratugnum kynntist Unnur núverandi eiginmanni sínum, Jóhanni Friðari Jakobssyni, vörubílstjóra hjá Þrótti, og



„Við sækjum ýmsa afþreyingu sem hér er boðið uppá, allt eftir því hvernig stendur á og hvað hentar hverju sinni. Ég fer í sjúkraþjálfun tvisvar í viku því án hennar get ég ekki verið,“ segir Unnur Ólafsdóttir.

gengu þau í hjónaband 9. desember árið 1978. Þess er því ekki langt að bíða að þau fagni rúbínbrúðkaupi sínu í tilefni fjögurra áratuga hjónabands. „Ég kynntist honum Jóa mínum á Kanarí. Hann var sem drengur í sveit hjá Tryggva Jóhannessyni á Fremri Fitjum í Fitjárdal og vildi helst ekki vera neins staðar annars staðar þótt foreldrar hans væru hér í Reykjavík. Jói tók svo við af föður sínum sem bílstjóri á Þrótti,“ segir Unnur sem segir þau hjónin hafa dvalið mjög mikið á Kanarí í gegnum árin. „Það gerir mér mjög gott því ég er með psoriasis og sjórinn vinnur vel á húðinni. Maður verður eins og nýr maður á því að

vera í sjónum enda vorum við vön að fara tvisvar á ári og dvelja þar í tvo mánuði í senn. Við höfum þó ekki farið undanfarin ár því ég er orðin of heilsuveil til þess.“ Hún segir þau hjónin einnig hafa ferðast nokkuð hér innanlands, einkum norður til Tryggva bónda í Fitjárdal á meðan hann lifði.

Jói er ekki langt undan

Unnur og Jóhann bjuggu alla sína búskapartíð við Efstasund 58. Eins og áður sagði flutti Unnur á Hrafnistu fyrir um þremur og hálfu ári síðan en Jóhann var áfram í Efstasundinu. Nýlega urðu þó breytingar því nýverið flutti Jóhann sig um set þegar hann tók við lyklunum að leiguíbúð hjá Naustavör við Brúnaveg, við hlið Hrafnistu, og er hann því ekki langt undan eiginkonunni. „Það er stutt að fara og hann er hér á hverjum degi. Við sækjum ýmsa afþreyingu sem hér er boðið uppá, allt eftir því hvernig stendur á og hvað hentar hverju sinni. Ég fer í sjúkráþjálfun tvisvar í viku því án hennar get ég ekki verið,“ segir Unnur með áherslu.

Gissur Páll tenór

Barnabörn Unnar eru mörg og langömmubörnunum fer ört fjölgandi. Barnabörnin hafa öll verið dugleg að mennta sig og koma sér vel áfram. „Ég hef mjög gaman af söng og sækji slíka viðburði hér á



„Ég held mikið upp á Gissur Pál enda er hann bestur hér á landi um þessar mundir.“

Hrafnistu. Gissur Páll Gissurarson tenór er dóttursonur minn, sonur Þórlaugar, og það er kannski ekki síst fyrir þá sök sem ég fylgist vel með honum og því sem er að gerast í tónlistarlífi landsmanna. Ég held mikið upp á Gissur Pál enda er hann bestur hér á landi um þessar mundir,“ segir Unnur ákveðin og stendur upp því von er á eiginmanninum innan skamms til að sækja Unni sem þarf að fara að erindast í borginni. ■



Schindler



Lionsklúbbarnir Ásbjörn og Kaldá styðja vel við félagsstarf Hrafnistu

Lionsklúbbarnir Ásbjörn og Kaldá styðja vel við félagsstarfið á Hrafnistu í Hafnarfirði því fjórum sinnum á ári koma fulltrúar þeirra í heimsókn til að halda bingó með heimilisfólki, nú síðast að kvöldi 25. október, þar sem spilað var um vandað konfekt og sérrý. „Þetta eru ákaflega skemmtilegar og vel þegnar heimsóknir sem létta fólki geð við hvert tækifæri,“ segir Harpa Björgvinsdóttir, deildarstjóri iðjuþjálfunar á Hrafnistu í Hafnarfirði.

Aðventan framundan

Hún segir viðeigandi vinninga í boði sem hæfa tilefninu hverju sinni. „Á páskabingóinu eru til dæmis páskaegginn ráðandi vinningar og á aðventunni eru veglegri vinningar í boði sem hæfa jólnunum, svo dæmi séu tekin.“ Harpa segir klúbbana líka halda ákveðna eigin fundi á Hrafnistu. „Ásbjörn heldur jólafundinn sinn hér hjá okkur og konurnar í Kaldá eru yfirleitt með fund hér í mars. Þá bjóðum við upp á fordrykk og kvöldverð í þakklætisskyni fyrir það góða starf sem klúbbarnir inna af hendi í þágu Hrafnistu í Hafnarfirði. Á þessum kvöldum höfum við einnig boðið upp á stutt fræðsluerindi af ýmsum toga, m.a. um starfið hér á heimilinu,“ segir Harpa.



Margvíslegur stuðningur

Lionsklúbbarnir í Hafnarfirði hafa alla tíð verið með það á stefnuskrá sinni að styrkja Hrafnistuheimilið í Hafnarfirði með góðum gjöfum og þátttöku í félagsstarfi þess. Sem dæmi má nefna að klúbbarnir hafa styrkt heimilið til kaupa á lyftum sem notaðar eru til að aðstoða aldraða við að komast í og úr baði. Einnig má nefna súrefnissíur sem heimilinu hafa verið færðar. Síurnar nota þeir sem háðir eru súrefnisnotkun allan sólarhringinn og auka þær mjög lífsgæði notendanna. Þá má nefna rausnarlegan styrk sem Lionsklúbburinn Ásbjörn veitti til endurbóta í meðferðarrýmum á vegum iðjuþjálfunar svo úr varð hin glæsilegasta aðstaða. ■



PÚTTAÐ VIÐ BÆJARSTJÓRN

Híð árlega púttmót íbúa og starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði við bæjarstjórn sveitarfélagsins fór fram í svölum andvara mánudaginn 24. september. Keppendur mættu eldhressir og vel klæddir til mótsins þar sem að venju var keppt um Hrafnistubikarinn góða. Nú sem endranær höfðu Hrafnistumenn betur í viðureign ársins og fer bikarinn því á ný í hillu sína þar sem hann hefur verið vistaður mörg undanfarin ár.

Í ár sigraði Hrafnista liðakeppnina með minnsta mun frá upphafi eða með einungis fjórum höggum. Í karlaflokki urðu úrslit þessi: Í 1. sæti varð Friðrik Hermannsson, íbúi við Hraunvang, í öðru sæti Kristinn Andersen bæjarfulltrúi og í þriðja sæti varð Ragnar Jónasson sem býr á Hrafnistu. Í kvennaflokki sigruðu þær Inga Pálsdóttir í fyrsta sæti, Hallbjörg Gunnarsdóttir í öðru og Sigrún Ágústsdóttir í því þriðja, allar búsettar á Hrafnistu. Sá kepp-



andi sem nýtti púttvöllinn mest og best með flestum höggum allra keppenda var Kristín María Thoroddsen bæjarfulltrúi og hlaut hún verðlaun fyrir hæsta skorið á mótinu. ■



- áhugavert málþing iðjubjálfa

Framkvæmdaráð Hrafnistu stóð í vor fyrir áhugaverðu og vel sóttu málþingi í samstarfi við fagráð iðjubjálfunar á Hrafnistuheimilunum. Málþingið bar yfirskriftina Listin að lifa og var tilgangur þess að veita þátttakendum innsýn í starf iðjubjálfa sem starfa með öldruðum og veita fræðslu um þá starfsemi sem fram fer á Hrafnistu og víðar á sviði iðjubjálfunar. Rúmlega 70 manns hvaðanæva að af landinu sóttu málþingið sem haldið var á Hrafnistu í Hafnarfirði og vegna fjölmennis og mikils áhuga reyndist þingið kjörinn vettvangur fyrir iðjubjálfa landsins sem starfa í öldrunarþjónustu til að koma saman og ræða málefni fagstéttarinnar. Undirbúningsnefnd við framkvæmd þingsins skipuðu

fulltrúar í fagráði iðjubjálfa á Hrafnistu; þær Sigurbjörg Hannesdóttir, Harpa Björgvinsdóttir, Sara Pálmadóttir, Erla Durr Magnúsdóttir og Svanborg Guðmundsdóttir. Að auki komu að undirbúningnum þær Nanna Guðný Sigurðardóttir gæðastjóri, Soffía Egilsdóttur fræðslufulltrúi, Hulda S. Helgadóttir á skrifstofu Hrafnistu og María Fjóla Harðardóttir framkvæmdastjóri heilbrigðisviðs Hrafnistu sem kveðst ákaflega ánægð með framtakið. „Málþingið heppnaðist afar vel og við gerum ráð fyrir að þetta sé aðeins byrjunin á því sem koma skal þannig að við getum líka varpað ljósi á mikilvægi fleiri starfandi fagstétta á Hrafnistu sem miðlað geta af þekkingu sinni og reynslu,“ segir María Fjóla. ■



HVALUR HF
Reykjavíkurvegi 48
220 Hafnarfirði





NESVELLIR



HAUSTFAGNAÐIR

Hrafnistuheimilanna

Árlegir haustfagnaðir Hrafnistuheimilanna voru haldnir frá 10. október til 8. nóvember og var mikið um dýrðir eins og ævinlega með skemmtiatriðum, bröndurum, söng og dansi. Á **Nesvöllum** sáu Berta Dröfn Ómarsdóttir og Svavar Knútur um veislustjórn og skemmtun auk þess sem Pétur

Magnússon forstjóri flutti tölu og sagði nokkra góða brandara. Að loknu borðhaldi hélt Hjörleifur Már Jóhannsson trúþator og uppi fjöri, en alls mættu um 130 manns á gleðina. Í **Hafnarfirði** var haustfagnaðurinn haldinn á bleika daginn, 12. október eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Svavar Knútur og Berta sáu um veislu-



stjórnina og Böðvar Magnússon spilaði undir borðhaldi. Að því loknu tóku eldhressir félagar í DAS-bandinu við á dansleik svo undir tók í húsinu. Á Ísafold í **Garðabæ** var haustfagnaðurinn haldinn í samstarfi við Dagdvöl Garðabæjar sumardaginn síðasta, föstudaginn 26. október. Þar skemmti Laddi (Þórhallur Sigurðsson) eins og honum er einum lagið enda komu þær fram flestar helstu og frægustu persónurnar sem hann hefur skapað á ferli sínum sem skemmtikraftur. Bæjarstjóri Garðabæjar, Gunnar Einarsson, var heiðursgestur samkomunnar og flutti hann jafnframt ræðu kvöldsins. Um 150 manns tóku þátt í gleðinni, en kvöldinu lauk með harmonikkuleik og fjöldasöng. Í Boðáþingi í **Kópavogi** var fagnaðurinn haldinn 31. október þar sem Svavar Knútur og Berta Dröfn skemmtu. Heiðursgestir kvöldsins voru bæjarstjórihjónin Ármann Kr. Ólafsson og Hulda Guðrún Pálsdóttir og hélt bæjarstjóri hátíðarræðu kvöldsins. Að loknu borðhaldi var tekið til við dans

við undirleik Svavars Knúts og Bertu Drafnar. Íbúar, aðstandendur og starfsfólk Hrafnistu á **Hlévangi** í Reykjanesbæ fögnuðu vetrarbyrjun að kvöldi 1. nóvember og tóku rúmlega 60 manns þátt í gleðinni. Svavar Knútur og Berta Dröfn skemmtu gestum. Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri var heiðursgestur kvöldsins og við það tækifæri undirrituðu hann og Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, m.a. samstarfssamning um þær lagfæringar á húsnæði Hlévangs sem ráðist verður í á næstunni. Kjartan Már undirritaði samninginn f.h. eigenda húsnæðisins sem eru Reykjanesbær, Sandgerði, Garður og Vogar, sem greiða 60% kostnaðar og Framkvæmdasjóður aldraðra 40%. Voru þetta miklar gleðifregnir fyrir íbúa Hlévangs, aðstandendur þeirra og starfsfólk. Síðasti vetrarfagnaður ársins var á Hrafnistu í **Reykjavík** 8. nóvember sem Berta Dröfn og Svavar Knútur stjórnðu. Um 150 manns tóku þátt í gleðinni þar sem Bragi Fannar lék undir borðhaldi á harmonikku. ■



HAFNARFJÖRÐUR





HAUSTFAGNAÐIR

Hrafnistuheimilanna





HAUSTFAGNAÐIR

Hrafnistuheimilanna



KÓPAVOGUR





GARÐABÆR







HAUSTFAGNAÐIR

Hrafnistuheimilanna





HRAFNISTU FÆRÐIR

FALLEGIR LISTMUNIR AÐ GJÖF

Ingibjörg Þorsteinsdóttir, sjúkraliði í Njarðvík, kom á dögnum í heimsókn til allra Hrafnistuheimilanna með íslenska borðfána sem standa á fallegum steinum að gjöf frá föður hennar, Þorsteini Marinóssyni frá Engihlíð á Árskógsströnd. Þorsteinn, sem er 84 ára og búsettur á Akureyri, hefur um áratugaskeið safnað steinum á ferðum sínum um landið og útbúið fallega listmuni eins og þá sem hann gaf Hrafnistu.

„Pabbi hefur verið duglegur að búa til listmuni úr íslensku grjóti í gegnum árin, m.a. kertastjaka og servéttuhaldara og einnig sett þunnar steinflögur á borð og í glugga og skjólveggi,“ segir Ingibjörg sem færði Hrafnistu gjafirnar fyrir hönd föður síns og systk-



ina sinna, Sigrúnar Jóhönnu, Marinós Steins, Svanlaugar og Ásu Valgerðar. „Pabbi býr enn í eigin húsnæði á Akureyri ásamt vin konu sinni og jafnöldru, Huldu Baldvinsdóttur. „Hann er góður til heilsunnar, hress og ern og sér alfarið um heimilið. Hann bæði eldar og þrífur og hugsar um Huldu sína og dundar sér þess á milli úti í bílskúr við að fönðra með grjót,“ segir Ingibjörg. Þess má að lokum geta að eiginkona Þorsteins og móðir systkinanna, Fjóla Kristín Jóhannsdóttir, lést árið 1990 úr krabbameini, aðeins 52 ára að aldri. Á mynd stendur Þorsteinn við leiði Fjólu. Á því er kross sem Þorsteinn hannaði og smíðaði fáum árum eftir andlát hennar. Myndin var tekin í fyrra á áttatíu ára fæðingarafmæli Fjólu. ■

Samstarfsverkefni Víðistaðaskóla og Hrafnistu hlaut Hvatningaverðlaun Foreldraráðs Hafnarfjarðar

Á áliðnu skólaári síðasta vetrar hlutu „Lestrarvinir“, ánægjulegt og gefandi samstarfsverkefni sjötta bekkjar nemenda í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði og Hrafnistuheimilisins þar í bæ Hvatningarverðlaun Foreldraráðs Hafnarfjarðar. Verkefnið, sem hefur staðið yfir undanfarna fjóra vetur, felst í því að nemendur þriggja 6. bekkja í Víðistaða-



skóla koma með reglulegu millibili í heimsókn á Hrafnistu í Hafnarfirði til að lesa fyrir „lestrarfélaga sína“ sem þar eru búsettir. Verkefnið hefur mælst ótrúlega vel fyrir meðal heimilismanna, aðstandenda þeirra og starfsfólks og eru allir ákaflega stoltir af hvatningarverðlaunum foreldraráðs bæjarfélagsins og strax farnir að hlakka til lesstundanna framundan. ■

BORGARVERK


GARDABÆR

 **ADVEL**


- okkur er annt um þinn hag


GJÖGUR HF
GRENVÍK


www.linde-healthcare.is

 **VERKÍS**
VERKFRÆÐISTOFA

sensa

HANDPRJÓNAÐAR PEYSUR Í ÚRVALI

• VELJUM ÍSLENSKT •



...eða prjónið
þær sjálf

Allt sem þarf
á einum stað



HANDPRJÓNASAMBAND
ÍSLANDS

Skólavörðustígur 19 • Borgartún 31 • S: 552 1890 • handknitted.is